

Reykjavík, 8. september 2017

Samkomulag um sátt vegna brots Kviku banka hf. á 1. mgr. 19. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og 4. mgr. 14. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti

Hinn 6. júlí 2017 gerðu Fjármálaeftirlitið og Kvika banki hf., hér eftir nefndur málsaðili, með sér samkomulag um að ljúka með sátt máli vegna brots á 1. mgr. 19. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og 4. mgr. 14. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti.

Meginatriði samkomulagsins eru sem hér segir:

Málsaðili viðurkennir að hafa brotið gegn 1. mgr. 19. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki (fftl.) með því að hafa birt opinberlega auglýsingu um fjárfestingarsjóðinn Eignaleið V án heimildar Júpíters rekstrarfélags hf. sem rekur sjóðinn.

Málsaðili viðurkennir jafnframt að hafa brotið gróflega gegn 4. mgr. 14. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti (vvl.), sbr. reglugerð nr. 995/2007 um fjárfestavernd og viðskiptahætti fjármálafyrirtækja, þar sem upplýsingar í fyrrnefndri auglýsingu voru ekki í samræmi við a-, b- og d-lið 2. mgr. og a-, b-, d- og f-lið 4. mgr. 28. gr. reglugerðarinnar.

Málsaðili fellst á að greiða sekt að fjárhæð 2.300.000 krónur.

Málsaðili staðfestir að hann hafi upplýst að fullu um málsatvik sem samkomulag þetta varðar. Þá hefur málsaðili gripið til ráðstafana til að stuðla að því að atvik sem þetta eigi sér ekki stað á ný.

Málsatvik

Þann 16. febrúar 2017 birtist auglýsing á vegum málsaðila í Viðskiptablaðinu sem fjallaði um fjárfestingarsjóðinn Eignaleið V sem er í rekstri Júpíters rekstrarfélags hf.

Málsaðili birti auglýsinguna án heimildar Júpíters rekstrarfélags hf. en samningur um útvistun tiltekinna verkefna til málsaðila kvað ekki á um að málsaðila væri heimilt að birta markaðsefni án samráðs við rekstrarfélagið.

Í auglýsingunni var vísað til fjárfestingarsjóðsins sem Eignaleiða Kviku. Þá kom fram að Eignaleið V hefði skilað hæstu meðalávöxtun hlutabréfasjóða á Íslandi síðastliðin þrjú ár en upplýsingar um ávöxtun í prósentum talið var að finna á áberandi stað ofarlega í auglýsingunni og með stærsta lettri hennar. Með smáu lettri neðst í auglýsingunni kom fram að samanburðurinn byggði á meðalávöxtun hlutabréfasjóða á ári síðastliðin þrjú ár og vakin athygli á því að fortíðarávöxtun gæfi ekki tryggingu fyrir framtíðarávöxtun.

Málsaðili óskaði eftir því að ljúka málinu með sátt.



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Lagagrundvöllur

Samkvæmt 1. mgr. 19. gr. ffl. skal fjármálafyrirtæki starfa í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur á fjármálamarkaði. Fjármálafyrirtæki sem birtir auglýsingu um fjárfestingarsjóð án samþykkis rekstrarfélagsins sem rekur sjóðinn telst ekki starfa í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti.

Í 4. mgr. 14. gr. vvl. er tiltekið að í auglýsingum og annarri kynningarstarfsemi fjármálafyrirtækis skuli þess gætt að fram komi réttar og nákvæmar upplýsingar um starfsemi og þjónustu fjármálafyrirtækisins og að markaðsefni sé aðgreint frá öðrum orðsendingum. Nánar er kveðið á um upplýsingagjöf til viðskiptavina fjármálafyrirtækis í 3. þætti reglugerðar nr. 995/2007 um fjárfestavernd og viðskiptahætti fjármálafyrirtækja. Samkvæmt 28. gr. reglugerðarinnar skal fjármálafyrirtæki tryggja að allar upplýsingar, þ.m.t. markaðsefni sem beint er til almennra fjárfesta eða hugsanlegra almennra fjárfesta, eða dreift á þann hátt að líklegt sé að almennir fjárfestar eða hugsanlegir almennir fjárfestar fái þær, uppfylli skilyrðin sem mælt er fyrir um í 2.- 8. mgr. greinarinnar.

Í auglýsingunni sem málsaðili birti kom ekki fram að Eignaleið V væri fjárfestingarsjóður í rekstri Júpíters rekstrarfélags hf. en það er ekki í samræmi við a-lið 2. mgr. 28. gr. reglugerðarinnar sem kveður á um að greina skuli heiti viðkomandi fjármálafyrirtækis. Þá felur það einnig í sér rangfærslur í skilningi d-liðar 2. mgr. 28. gr. reglugerðarinnar að vísa til fjárfestingarsjóðsins sem Eignaleiða Kvikú. Í auglýsingunni var ekki að finna ábendingu um þá áhættu sem kynni að tengjast viðskiptum með hlutdeildarskírteini sjóðsins líkt og skylt er skv. b-lið 2. mgr. 28. gr. reglugerðarinnar þegar auglýsing inniheldur upplýsingar um hugsanlegan ávinning af viðskiptum. Þá var ávöxtun Eignaleiðar V sett fram með afar áberandi hætti, en upplýsingarnar voru ofarlega í auglýsingunni og voru með stærsta lettri auglýsingarinnar, sem er óheimilt skv. a-lið 4. mgr. 28. gr. reglugerðarinnar. Í auglýsingunni komu fram upplýsingar um meðalávöxtun á ári síðastliðin þrjú ár en það er ekki í samræmi við b-lið 4. mgr. 28. gr. reglugerðarinnar sem kveður á um að gefa skuli upp viðeigandi upplýsingar um árangur byggðar á 12 mánaða tímabilum. Með viðeigandi upplýsingum er átt við að upplýsa ber um ávöxtun hvers 12 mánaða tímabils fyrir sig. Þá var viðvörðun, um að tölur um árangur vísuðu til fortíðar og að árangur í fortíð gæfi ekki áreiðanlega vísbendingu um framtíðarárangur, að finna neðst í auglýsingunni með mjög smáu lettri samanborið við annan texta auglýsingarinnar. Viðvörðunin var ekki nægilega áberandi og því ekki í samræmi við d-lið 4. mgr. 28. gr. reglugerðarinnar. Þá innihélt auglýsingin engar upplýsingar um áhrif umboðslauna, þóknana eða annarra gjalda en skylt er að upplýsa um það í auglýsingu þegar tilvísun um þróun og gengi fjármálagerninga byggist á heildarárangri, sbr. f-lið 4. mgr. 28. gr. reglugerðarinnar.

Brot gegn 1. mgr. 19. gr. ffl. getur varðað stjórnvaldssektum, sbr. 8. tölul. 110. gr. ffl., og brot gegn 4. mgr. 14. gr. vvl. getur varðað stjórnvaldssektum ef brotið er gróft eða um ítrekuð brot er að ræða, sbr. 2. mgr. 141. gr. sömu laga. Sektir sem lagðar eru á lögaðila vegna brota gegn 1. mgr. 19. gr. ffl. og 4. mgr. 14. gr. vvl. geta numið frá 500.000 krónum til 800.000.000 króna, en geta þó verið hærri eða allt að 10% af heildarveltu samkvæmt síðasta samþykktu ársreikningi lögaðilans eða 10% af síðasta samþykktu samstæðureikningi að uppfylltum nánar tilgreindum skilyrðum, sbr. 2. mgr. 110. gr. ffl. og 3. mgr. 141. gr. vvl.



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að ljúka málum vegna brota á 1. mgr. 19. gr. fttl. og 4. mgr. 14. gr. vvl. með sátt enda sé ekki um að ræða meiri háttar brot sem refsiviðurlög liggja við, sbr. 111. gr. fttl. og 142. gr. vvl., sbr. reglur nr. 728/2014 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka máli með sátt.

Ákvörðun sektarfjárhæðar

Þrátt fyrir að málsaðili hafi gerst brotlegur við 19. gr. fttl. er honum ekki gerð sérstök sekt vegna brotsins með hliðsjón af málsatvikum. Sektarfjárhæðin í samkomulagi þessu tekur því mið af broti málsaðila á 4. mgr. 14. gr. vvl.

Sektarfjárhæð er ákvörðuð í samræmi við reglur nr. 728/2014 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka máli með sátt. Samkvæmt reglunum er miðað við að sektarfjárhæð sé hlutfallslega lægri en sem ætla má að fjárhæð stjórnvaldssektar gæti numið að teknu tilliti til mögulegra þyngingar- og mildunarsjónarmiða auk þess sem litið er til þess á hvaða stigi meðferð máls er þegar því er lokið með sátt.

Samkvæmt 4. mgr. 141. gr. vvl. skal, við ákvörðun sekta, m.a. tekið tillit til allra atvika sem máli skipta, þ.m.t. alvarleika brots, hvað brotið hefur staðið yfir lengi, ábyrgðar hins brotlega hjá lögaðilanum, fjárhagsstöðu hins brotlega, ávinnings af broti eða taps sem forðað er með broti, hvort brot hafi leitt til taps þriðja aðila, hvers konar mögulegra kerfislegra áhrifa brotsins, samstarfsvilja hins brotlega, fyrri brota og hvort um ítrekað brot er að ræða.

Við ákvörðun sektarfjárhæðar var litið til þess að 14. gr. vvl. er sérstaklega ætlað að vernda viðskiptavinum fjármálafyrirtækis og aðra sem það býður þjónustu sína og tryggja trúverðugleika verðbréfamarkaðarins. Með hliðsjón af neytendaverndarsjónarmiðum skiptir miklu að markaðsefni fjármálafyrirtækis, þ.m.t. auglýsingar í fjölmiðlum, innihaldi réttar upplýsingar og sé sett fram á skýran hátt. Þá tók sektarfjárhæðin einnig mið af flokkun löggjafans á alvarleika brotsins og að málsaðili hefur ekki áður gerst brotlegur við ákvæði laga um fjármálafyrirtæki og verðbréfavíðskipti þannig að beitt hafi verið viðurlögum.

Með hliðsjón af eðli og umfangi brots, atvikum máls að öðru leyti og að teknu tilliti til þess að málinu er lokið með sátt við upphaf athugunar, er sektarfjárhæð talin hæfilega ákveðin 2.300.000 krónur.

Réttaráhrif

Samkomulag þetta er gert á grundvelli 142. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti og reglna nr. 728/2014 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka máli með sátt.

Samkomulagið er bindandi fyrir málsaðila og Fjármálaeftirlitið þegar báðir aðilar hafa samþykkt og staðfest efni þess með undirskrift sinni. Við greiðslu sektarfjárhæðar er málinu lokið.

Málsaðili brýtur gegn samkomulaginu ef hann t.d. greiðir ekki umsamda sektarfjárhæð, gaf rangar upplýsingar um málsatvik eða leyndi upplýsingum sem máli skipta. Verði málsaðili



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

uppvís að því að brjóta gegn samkomulaginu getur Fjármálaeftirlitið felld það úr gildi og tekið málið til meðferðar á ný. Brot gegn samkomulagi um sátt telst jafnframt sjálfstætt brot sem getur varðað stjórnvaldssekt.